

**L Ö G****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 50 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1968.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

**Um lausn frá óðalsákvæðum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir.**

## 2. gr.

Upphaf 17. gr. hljóði svo:

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráð-